



Hjólábrettafélag Reykjavíkur var stofnaður árið 2015 og hefur síðan þá kappkostað við að kenna krökkum, unglimum og fullorðnum á hjólabretti. Mikil og flott starfsemi er hjá félaginu en mörg hundruð manns hefur sótt námskeiðin hjá félaginu sem hafa svo sannarlega slegið í gegn.

Það eru þau Steinar Orri Fjeldsted og Sigrún Guðjohnsen sem eiga og reka Hjólábrettafélag Reykjavíkur en Steinar hefur yfir 30 ára reynslu af hjólabrettum og hefur kennt á bretti í fjölda ára með mjög góðum árangri. Steinar hefur komið að fjölda verkefna í gegnum tíðina og stofnaði meðal annars Brettafélag Reykjavíkur árið 1996 og rekið marga hjólábrettagarða í Reykjavík svo fátt sé nefnt.. Steinar og Sigrún áttu hjólábrettaverslunina Skuggi, þau hafa haldið fjölda keppna og sýninga tengdu sportinu.

Námskeið félagsins og starfsemi þess hefur stækkað ört og eru nú námskeiðin haldin út um allt land, yfir sumartímann. T.d er félagið nýkominn úr hringferð um landið þar sem námskeiðin voru haldin á Akureyri í samstarfi við Listasumar Akureyrar og í Fjarðabyggð í samstarfi við Menningarstofu Fjarðabyggðar.

Nú leggur skólinn í enn eina ferðina og nú út fyrir landsteinana, Færeyja. Námskeiðin þar eru haldin í samstarfi við Stjórnvöld (Kommúnuna) í Færeyjum og hjólábrettaverslunina Zoo. Námskeiðin fara fram 23. 25. Og 26. Júlí og fara fram í nýrri innanhússaðstöðu í Tórshavn í Færeyjum. Einnig er ferðin til þess gerð að skoða aðstöðuna. Nánar um námskeiðið í Færeyjum má sjá [HÉR](#).

Það ríkir mikil kátína með starfsemi félagsins og eru foreldrar sem og krakkar og unglinagr hæstánægð og má sjá bros úr hverju andliti.

Nú er Hjólábrettafélag Reykjavíkur kominn inn í ÍBR og ÍSÍ og er margt á Döfinni hjá félaginu. Við erum búin að vera í miklu sambandi við Ómar Einarsson hjá ÍTR og Frímann Ara

Ferdinandsson hjá ÍBR og er einróma jákvæðni í því að aðstoða félagið við að fá flotta innanhússaðstöðu undir starfsemi félagsins. Einnig mun félagið einblýna á Hlauðahjól og BMX hjól.

Hér fyrir neðan má sjá tímatöflu æfinga og námskeiða fyrir tímabilið 2020 - 2021.

6 vikna námskeið: 1 sinni í viku fyrir „elite.“

Aldur 10-14 ára.

Fimmtudögum.

Kl 18-19

8 vikna námskeið: 1 sinni í viku fyrir unglinga.

Aldur 15-19 ára

Föstudagar

Kl 19.30-21.00

12 vikna námskeið: 1 sinni í viku fyrir byrjendur

Aldur 5 - 9 ára

Mánudaga.

Kl 17-18

12 vikna námskeið: 1 sinni í viku fyrir byrjendur.

Aldur 10-14 ára

Þriðjudagar

Kl 17-18

12 vikna námskeið: einu sinni í viku fyrir lengra komna

Aldur 5-9 ára

Miðvikudagar

Kl 17-18

12 vikna námskeið: 1 sinni í viku fyrir lengra komna

Aldur 10-14 ára

Föstudagar

Kl 17-18

Helgarnámskeið krakka og fullorðna

Krakkanámskeið

Aldur 5-13

Laugardaga og sunnudaga

kl 10-11:30

*Fullorðinsnámskeið
Aldur 18 upp
Sunnudaga
kl 19-20.30.*

*Einnig verður félagið með vikuleg sumarnámskeið yfir sumartímann sem fram fara á
mánudögum til föstudags kl 09:00 - 13:00.*

*Einnig verður mikið um allskonar flotta viðburði eins og keppnir, sýningar, erlendir atvinnumenn
koma til landsins og sýna listir sínar O.fl.*

Fyrirhugað er að hafa mjög flotta aðstöðu inni í húsinu eins og t.d kaffihús og verslun með öllu því helsta sem tengist íþróttunum. Einnig verður sett upp glæsilegt myndavélakerfi inni í sal, svo að foreldrar of forráðamenn geti fylgst með krökkunum sínum. Við erum búin að vinna hörðum höndum að glæsilegri vefsíðu sem fer í loftið innan skamms með virkilega flottu og aðgengilegu skráningarkerfi.

Hjólabrettafélag Reykjavíkur leggur mikla áherslu á öryggi einstaklinga og er hjálmaskylda lykilatriði þegar kemur að því að stunda sína íþrótt inni í húsinu.

Okkur hlakkar til að heyra frá þér/ykkur.

Virðingarfyllst:

**Steinar Orri Fjeldsted
Sigrún Guðjohnsen
hjolabrettaskoli@gmail.com
768-8606**